



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bílastæðahús (US200236).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Tillaga Flokks fólksins að bíllinn verði aðgengilegur allan sólarhringinn í bílastæðahúsum og að kostnaður við að leggja í bílastæðahús verði áþreifanlega minni en ef lagt er á götum úti. Bílastæðasjóður Reykjavíkurborgar rekur sjö bílastæðahús. Viðurkennt hefur verið af skipulagsyfirvöldum að skammtímastæði þar eru illa nýtt seint á degi og um kvöld.

Þar er ekki boðið upp á að greiða með t.d. leggja.is eða öðru sambærilegu. Samkvæmt heimasíðu Bílastæðasjóðs er dýrara að leggja í bílastæðahúsum en út á götu á gjaldsvæðum 2-4. Í bílastæðahúsum þarf að greiða gjald fyrir allan þann tíma sem bíl er lagt og ekki er boðið upp á ívilnanir fyrir metan- eða rafbíla eða frítt stæði í 90 mín eins og í gjaldstæði á götum.

Á heimasíðu bílastæðasjóðs eru ekki upplýsingar um nýjar reglur um gjaldskyldu og gjaldskyldusvæði sem samþykktar voru 12. september 2020. Helstu breytingar voru að gjaldskylda er nú á sunnudögum og lengja á gjaldskyldu á gjaldsvæði 1 til 20:00 á virkum dögum. Er þær reglur kannski ekki búnar að taka gildi?

Ef bílastæðahús eiga að vera nýtt með fullnægjandi hættu þurfa þau að vera opin allan sólarhringinn þannig að þeir sem vilja dvelja í miðbænum fram yfir miðnætti geta lagt þar.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og til umsagnar Bílastæðasjóðs þann 12. ágúst sl.

Umsögn:


Búið er að ganga frá kaupum á nýjum greiðslu- og aðgangsstýringarbúnaði í öll bílahúsin sem settur verður upp á næstu vikum. Að lokinni uppsetningu verður hægt að nálgast bíla í bílahúsum allan sólarhringinn. Það hefur ekki verið mikil eftirspurn eftir því að hafa

bílahúsin opin allan sólarhringinn en þau eru núna opin alla daga ársins frá kl. 07:00 til 24:00. Einstaka sinnum hafa eigendur bíla ekki áttað sig á að bílahúsið loki um miðnætti, þrátt fyrir góðar merkingar þar um. Bílar hafi því lokast inni og eigendur þurft að sækja þá að morgni en það er afar sjaldgæft. Bílahúsin eru vöktuð allan opnunartímann og kostnaður myndi aukast verulega ef þau ættu að vera opin á nóttunni líka. Með nýjum aðgangsstýringarbúnaði verður hægt að sækja bíla allan sólarhringinn og þar með mætt þeirri eftirspurn sem er fyrir hendi.

Í útboðslýsingu fyrir nýja búnaðinn, var gerð sú krafa að hægt væri að greiða fyrir bílastæði í bílahúsunum á sama hátt og í gjaldmæla við götukanta. Eldri búnaður bauð ekki upp á þann möguleika. Því styttist í að hægt verði að greiða fyrir öll bílastæði í rekstri Bílastæðasjóðs með greiðslukortum og snjallsímum.

Það er rétt að skammtímastæði bílahúsa hafa ekki verið vel nýtt síðdegis og á kvöldin en tölur sýna að skammtímanotkun í bílahúsunum hefur aukist verulega síðustu ár. Jafnhliða uppsetningu nýs búnaðar í bílahúsunum verða langtímakort notenda bílahúsa endurskoðuð og stefnt að því að það verði hægt að velja um nokkra valkosti fyrir viðskiptavinum eftir því hvað hentar hverju sinni og má þar nefna kvöld, næturkort, helgarkort auk dagkorta. Þá verði gjaldskráin endurskoðuð með tilliti til þess.

Eins og annars staðar í þjóðfélaginu þá hefur COVID-19 haft veruleg áhrif sem sést t.d. á minni nýtingu í bílahúsum sem og á gjaldskyldum stæðum á götu. Hér að neðan er samanburður milli ára á tekjum vegna skammtímastæða í bílahúsum.



Eins og sjá má á myndinni hér að ofan hafa skammtímatekjur í flestum bílahúsunum verið að hækka verulega sl. 5 ár, mest í Traðarkoti sem er jafnframt stærsta bílahúsið. Á fyrstu 6 mánuðum þessa árs má sjá að tekjur hrapa verulega og eru bein tengsl á því við COVID-19 en bílahúsin tæmdust eiginlega um leið og sóttvarnarreglur voru settar á. Það sama á við um tekjur í gjaldmæla á götum úti.

Flest bílahúsin eru á gjaldskyldusvæði 1 og kostar fyrsta klukkustund 240 kr. en hver klukkustund eftir það er á 120 kr. í öllum nema Stjörnuport og Vitatorgi, þar sem fyrsta klukkustundin kostar 150 kr. og hver klukkustund eftir það 100 kr. Því má segja að það sé alltaf ódýrara að leggja í bílahúsi, ef dvölin er lengri en 1 klukkustund.

Í ljósi þess að tillagan felur ekki í sér breytingu frá núverandi ástandi, er mælt með því að tillögunni verði vísað frá.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

Kolbrún Jónatansdóttir
framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs